

Miðvikudaginn 14. desember 1960.

Nr. 62/1958. **Helgi Benediktsson** (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja
 (Gunnar Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnám. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1958 og krafist þess, að umbeðið fjárnám verði látið fram fara á kostnað stefnda og honum verði dæmt að greiða málskostnað bæði fyrir fógetadómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Þar sem áfrýjandi hefur eigi kannazt við, að stefndi hafi gjaldkræfar og réttar gagnkröfur á hann, er skuldajafna megi við dómskuldina við fjárnámsgerð, sbr. 20. gr. laga nr. 19/1887 um fjárnám, og þar sem stefndi hefur eigi í ljós leitt, að hann hafi hinn 5. desember 1957 haft aðfararhæfar lögtakskröfur, sem við fjárnámið mætti skuldajafna við dómkröfur áfrýjanda, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma fjárnámið.

Eftir atvikum ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber fógeta að framkvæma fjárnám það, sem krafist er.

Stefndi, Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði áfrýjanda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir

fógetadómi og Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 13. marz 1958.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 3. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Helgi Benediktsson útgerðarmaður, krafizt þess, að fjárnám verði látið fram fara hjá gerðarþola í máli þessu, Bata-ábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, til tryggingar greiðslu skuldar samkvæmt dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja frá 19. marz 1957, að upphæð kr. 61.845.19, ásamt 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1953 til greiðsludags og kr. 7200.00 í málskostnað, auk alls annars kostnaðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með dómi sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja, uppkveðnum 19. marz 1957, var gerðarþoli dæmdur til að greiða gerðarbeiðanda kr. 61.845.19 auk vaxta og alls kostnaðar, en upphæð þessa hafði gerðarbeiðandi verið dæmdur í sérstöku máli til að greiða eigendum v/b Helgu, RE 49, vegna björgunar á bát gerðarbeiðanda, v/b Skaftfellings, VE 33, sumarið 1949, er eldur kom upp í bátnum, sem þá stundaði síldveiðar fyrir Norðurlandi. Niðurstaða dómsins frá 19. marz 1957 er á því byggð, að v/b Skaftfellingur hafi verið vátryggður hjá gerðarþola á þeim tíma, er framangreind björgun átti sér stað. Eftir að framangreindur dómur gekk og gerðarbeiðandi hafði lagt inn beiðni um fjárnám til tryggingar greiðslu framangreinds dóms, tilkynnti gerðarþoli gerðarbeiðanda 6. desember s.l., að dómsupphæðin, kr. 61.845.19 auk vaxta og málskostnaðar, eða samtals kr. 86.206.69, hefði verið færð gerðarbeiðanda til tekna á viðskiptareikningi v/b Skaftfellings. Hefur gerðarþoli byggt mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að fjárnámskrafan væri þegar greidd með skuldajöfnuði.

Gerðarbeiðandi tilkynnti gerðarþola strax samdægurs, að hann samþykkti ekki skuldajöfnuð á dómkröfunni og iðgjaldakröfum gerðarþola vegna v/b Skaftfellings. Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur og hér fyrir réttinum ítrekað framangreind mótmæli gegn slíkum skuldajöfnuði.

Mótmæli sín gegn skuldajöfnuði á iðgjöldum v/b Skaftfellings og fjárnámskröfunni byggir gerðarbeiðandi í fyrsta lagi

á því, að hann hafi á árinu 1953 framselt Útvegsbanka Íslands h.f., Vestmannaeyjum, andvirði dóms þessa, sem hér er beiðzt aðfarar eftir, og eigi því andvirði fjárnámskröfunnar að renna til Útvegsbankans, en ekki gerðarbeiðanda, þrátt fyrir það, að Helgi Benediktsson sé gerðarbeiðandi, en ekki Útvegsbanki Íslands h.f., Vestmannaeyjum.

Af hálfu gerðarþola hefur því verið mótmælt, að gerðarbeiðandi hafi framselt Útvegsbanka Íslands h.f., Vestmannaeyjum, framangreindan dóm og á það bent, að Helgi Benediktsson sé gerðarbeiðandi, en ekki Útvegsbankinn. Þá heldur gerðarþoli því fram, að jafnvel þótt talið yrði, að slíkt framsal hefði farið fram, mundi það ekki útiloka skuldajöfnuð.

Gerðarbeiðanda og gerðarþola greinir á um það, hvor þeirra Útvegsbanki Íslands h.f., útibú, Vestmannaeyjum, eða gerðarbeiðandi sé raunverulegur eigandi fjárnámskröfunnar, þrátt fyrir það, að Helgi Benediktsson er gerðarbeiðandi. Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt gildandi réttarreglum girði framsal kröfu ekki fyrir það, að henni verði skuldajafnað við aðra kröfu á hendur framseljanda, ef skilyrði til skuldajafnaðar eru annars fyrir hendi, og verður því framangreind mótbára gerðarbeiðanda gegn skuldajöfnuði þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

Þá hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að hann skuldi gerðarþola ekkert, en muni hins vegar eiga inni fé hjá honum. Samkvæmt framlagðri útskrift af viðskiptareikningi v/b Skaftfellings hjá gerðarþola skuldaði gerðarbeiðandi gerðarþola kr. 1455.67 vegna v/b Skaftfellings hinn 1. janúar 1958, eftir að gerðarþoli hafði fært gerðarbeiðanda til tekna kr. 86.206.69, sem er andvirði fjárnámskröfunnar auk vaxta og málskostnaðar. Útskriftin ber með sér, að gerðarbeiðandi hefur hvorki greitt gerðarþola tryggingariðgjöld af v/b Skaftfellingi né sinn hluta af tjónbótum þeim, er gerðarþoli hefur greitt vegna bátsins — en hins vegar hafa gerðarbeiðanda verið færðar til tekna á viðskiptareikningnum tjónbætur og bónus. Gerðarbeiðandi hefur ekki vefengt upphæð iðgjaldanna né mótmælt því, að þau væru enn ógreidd, en hefur hins vegar haldið því fram, að hann eigi hærri kröfur á hendur gerðarþola en nemur upphæð ógreiddra iðgjalda af v/b Skaftfellingi. Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerðarbeiðandi eigi slíkar kröfur á hendur gerðarþola og hefur gerðarbeiðandi ekki gert frekari grein fyrir kröfum þessum hér fyrir réttinum.

Loks hefur gerðarbeiðandi mótmælt því, að gerðarþola sé heimilt að skuldajafna tildæmdum málskostnaði við iðgjalda-kröfur gerðarþola á hendur gerðarbeiðanda, jafnvel þótt talið yrði, að skilyrði til skuldajafnaðar væru að öðru leyti fyrir hendi. Telur gerðarbeiðandi, að tildæmdur málskostnaður sé honum ætlaður til þess að standa straum af ákveðnum útgjöldum, og verði gerðarbeiðandi því ekki þvingaður til þess að greiða aðrar kröfur með þessu fé.

Ekki verður séð, að aðrar reglur gildi að þessu leyti um tildæmdan málskostnað en um sjálfa dómskuldina, og verður framangreind mótbára gerðarbeiðanda gegn skuldajöfnuði því ekki tekin til greina.

Með skírskotun til framanritaðs og tilvísun til 20. gr. i. f. laga nr. 19/1887 lítur rétturinn svo á, að gerðarþola sé heimilt að greiða fjárnámskröfuna með skuldajöfnuði við ógreidd gjaldfallin váttryggingariðgjöld af v/b Skaftfellingi, svo og við þann hluta af tjónbótum, sem gerðarbeiðanda ber að borga, en gerðarþoli hefur þegar greitt vegna tjóna á nefndum bát. Þar sem gerðarþoli þannig hefur greitt fjárnámskröfuna með skuldajöfnuði, þykir verða að synja um framgang hinnar umbeðnu fjárnámsgerðar.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 2000.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Gerðarbeiðandi, Helgi Benediktsson, greiði gerðarþola, Friðþjófi G. Johnsen hdl. f. h. Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.
